

# Vatnsveita Rangárþings ytra og Ásahrepps

## GJALDSKRÁ

### Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps.

1. gr.

#### *Almennt.*

Vatnsveita Rangárþings ytra og Ásahrepps innheimtir gjald fyrir lagningu heimæðar skv. 5. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004.

Jafnframt innheimtir sveitarfélagið vatnsgjald og notkunargjald skv. 6. og 7. gr. laganna.

2. gr.

#### *Vatnsgjald.*

Vatnsgjald skal innheimt árlega af öllum fasteignum á veitusvæði Rangárþings ytra og Ásahrepps sem eru tengdar við vatnsveitu sveitarfélaganna.

Vatnsgjald íbúðarhúsnæðis/frístundahúsa og lóða er kr. 68.768 kr pr. eign. en fer þó aldrei yfir 0,5% af fasteignamati. Vatnsgjald annarra mannvirkja en getið er í 2. mgr. þessarar greinar sem tengt er vatnsveitu er 0,29% af fasteignamati viðkomandi fasteignar, ásamt lóð.

Vatnsgjald fyrir vatnsnotkun í beitarhólf/landspildu skal vera kr. 34.384 fyrir hverja tengingu við aðal- eða dreifiaðar veitunnar. Allar bryningar sem tengjast veitukerfinu skulu vera með viðurkenndum flot- eða skriðlokabúnaði. Tilkynna þarf til vatnsveitunnar staðsetningu og fjölda bryningartækja utanhúss.

Heimilt er að loka fyrir heimæðar hjá þeim sem eru staðnir að soun vatns og sírennsli er bannað. Tenging við vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps án leyfis er með öllu óheimil

3. gr.

#### *Notkunargjald.*

Auk vatnsgjalds skulu fyrirtæki og aðrir, sem nota vatn frá vatnsveitu í atvinnustarfsemi eða til annars en heimilisþarfa greiða notkunargjald skv. 7. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004. Notkunargjald skal að jafnaði innheimt samkvæmt mæli sem Vatnsveita Rangárþings ytra og Ásahrepps leggur til skv. 4. gr. Verði mældri notkun eigi við komið er heimilt að innheimta notkunargjald samkvæmt áætlaðri notkun. Notkunargjald er 51 kr./m<sup>3</sup>.

4. gr.

#### *Mælaleiga.*

Verði mældri notkun við komið lætur Vatnsveita Rangárþings ytra og Ásahrepps þeim er greiða skulu notkunargjald í té löggilta vatnsmæla. Notandi skal sjá fyrir aðstöðu fyrir mæli. Vatnsveitan er eigandi vatnsmælanna og er óheimilt að rjúfa innsigli mælis.

Notandi skal greiða árlegt gjald fyrir leigu mælis sem hér segir:

|          |             |
|----------|-------------|
| a) 32 mm | 21.649 kr.  |
| b) 40 mm | 25.852 kr.  |
| c) 50 mm | 34.511 kr.  |
| d) 63 mm | 68.895 kr.  |
| e) 75 mm | 91.308 kr.  |
| f) 90 mm | 129.258 kr. |

5. gr.

#### *Heimæðargjald.*

Heimæðargjald vatnsveitu skal innheimt af fasteignum er vatns geta notið frá vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps. Gjaldið skal innheimt við veitingu byggingarleyfis eða afhendingu heimæðar. Sama gjald skal greiða við endurnýjun heimæða sem ekki eru í eigu vatnsveitunnar. Gjaldskráin miðast við að ídráttarrör fyrir heimæð hafi verið lagt á frostfríu dýpi frá tengistað vatnsveitunnar við lóðarmörk, að inntaksstað mannvirkis og að lega og frágangur ídráttarrörsins hafi verið tekin út og samþykkt af starfsmönnum vatnsveitunnar.

# Vatnsveita Rangárþings ytra og Ásahrepps

Heimæðargjald vatnsveitu skal vera eftirfarandi:

Lágmarksheimæðargjald er kr. 370.582 m.v.25 mm þvermál rörs og allt að 25 metra lengd heimæðar. Heimæðargjald hækkar í samræmi við aukinn sverleika og/eða lengd heimæðar sem hér segir:

| Þvermál rörs | Lágmarksgjald | Verð pr.lm. umfram 25 metra. |
|--------------|---------------|------------------------------|
| a) 25 mm     | 370.582 kr.   | 3.693 kr                     |
| b) 32 mm     | 410.059 kr.   | 4.330 kr                     |
| c) 40 mm     | 450.811kr.    | 4.966 kr                     |
| d) 50 mm     | 492.835 kr.   | 5.730 kr                     |
| e) 63 mm     | 553.962 kr.   | 6.749 kr                     |
| f) 75 mm     | 636.738 kr.   | 8.022 kr                     |
| g) 90 mm     | 697.865 kr.   | 9.169 kr                     |

Ef heimæð er lengri en 250 metrar skal samið sérstaklega um heimæðargjald áður en til framkvæmda kemur. Við sérstakar aðstæður, s.s. vegna frosts í jörðu og sprengingar eða fleygunar á klöpp, skal greitt sérstakt álag allt að 25% sem leggst ofan á heimæðargjald.

## 6. gr

### *Kostnaðarþátttaka vegna vatnsæða.*

Í þeim tilfellum þegar um er að ræða ósk um að tengjast veitunni á svæðum þar sem aðal- eða dreifíæðar eru ekki til staðar eða aðstæður óvenjulegar þá skal semja um kostnaðarskiptingu vegna lagningar þeirra áður en til framkvæmda kemur.

## 7. gr.

### *Vísitölubinding gjalda.*

Gjalddagi heimæðargjalds er við úthlutun lóðar sem er í eigu Rangárþings ytra eða Ásahrepps, eða sem sveitarfélögin hafa ráðstöfunarrétt yfir og við útgáfu byggingarleyfis á öðrum lóðum. Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga.

Gjalddagar vatnsgjalds eru hinir sömu og ákveðnir eru fyrir fasteignagjöld og skal innheimtu hagað á sama hátt og innheimtu fasteignagjalda. Gjalddagar notkunargjalds eru á fjögurra mánaða fresti. Eindagi er 20 dögum eftir gjalddaga.

Gjalddagi leigugjalds fyrir mæli er 1. febrúar. Eindagi er 20 dögum eftir gjalddaga.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari taka breytingum í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu 1. janúar ár hvert m.v. vísitölu í desember árið á undan. Grunnvísitala er í nóvember 2023 116,4.

## 8. gr

### *Greiðsluskilmálar*

Heimilt er að semja um greiðslu heimæðargjalda til allt að 18 mánaða frá gjalddaga.

## 9. gr.

### *Lögveðsréttur.*

Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds og heimæðargjalds en notandi, ef hann er annar er fasteignareigandi, ber ábyrgð á greiðslu notkunargjalds.

Gjöldin njóta lögveðréttar í lóð og mannvirkjum í næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningaveði og aðfararveði. Heimilt er að loka fyrir heimæðar hjá þeim sem vanrækja að greiða notkunargjald að undangenginni skriflegri aðvörun.

Notkunargjald og leigugjald fyrir fyrir mæli, ásamt áföllnum kostnaði og vöxtum er heimilt að taka fjárnámi.

Heimilt er að stöðva vatnssölu til þeirra er vanrækja viðhald vatnslagna og brynninga og eru staðnir að

# Vatnsveita Rangárbings ytra og Ásahrepps

sóun vatns.

10. gr.  
*Gildistaka*

Gjaldskrá þessi er sett í samræmi við lög um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004, með síðari breytingum, og reglugerð um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 og öðlast gildi 1. janúar 2024 Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1297/2019

Hellu, 13. desember 2023  
Jón G Valgeirsson, sveitarstjóri

  Rangárbing ytra  
Sveitarstjóri

